

Miðvikudaginn 4. nóvember 1959.

Nr. 35/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Unni Aldísi Svavarsdóttur**

(Lárus Jóhannesson hrl.)

**og gagnsök.**

**Dómendur:**

hæstaréttardómaramarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,  
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór  
B. Lindal.

Skaðabætur vegna árásar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Gagnáfrýjandi, Unnur Aldís Svavarsdóttir, er nú fjárráða orðin.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1959. Hann krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en *til vara* lækkunar dæmdra bótafjárhæða og að málskostnaður verði niður felldur.

Af hendi gagnáfrýjanda er málinu áfrýjað með stefnu 18. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Hún krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 41.860,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Bætur fyrir tjón gagnáfrýjanda, er greinir í 1. kröfulið hennar, þykja hæfilega metnar kr. 20.000,00. Ákvæði héraðsdóms um 2. og 3. kröfulið þykir mega staðfesta. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 20.650,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6.000,00.

**Dómsorð:**

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði

gagnáfrýjanda, Unni Aldísi Svavarsdóttur, kr. 20.650,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Georg Svavar Sigfinnsson, Laufási, Ytri-Njarðvík, Gullbringusýslu, vegna dóttur sinnar, Unnar Aldísar, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 18. apríl 1958, gegn fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 41.860,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómars, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð, að vextir verði einungis reiknaðir frá stefnu degi og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Að kveldi sunnudags 8. janúar 1956 ákváðu þrír hermenn úr varnarliði Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli að bregða sér út af flugvellinum. Menn þessir voru: Leonard Chique, William John Eller og Walter Neil Hartman. Ekki höfðu þeir félagar fengið leyfi yfirmanna sinna til þessarar ferðar. Héldu þeir í leigubifreið frá híbýlum sínum að flugvallarhótelinu. Ók þeim íslenzkur bifreiðarstjóri, Gunnar B. Jónsson að nafni. Á hóteliinu hittu þeir fjórða hermenninn, Jean Leon Lambert. A.m.k. þrír hinir fyrstnefndu hermenn voru ölvaðir. Var nú ekið um flugvöllinn, og drukku þeir félagar óblandað viskí í bifreiðinni. Skammt frá Hotel de Gink fóru hermennirnir úr bifreiðinni og klifruðu yfir flugvallargirðinguna. Bifreiðarstjórinn ók aftur á móti út af flugvellinum venjulega leið. Var svo um samið með honum og hermönnum, að þeir hittust aftur við Aðalstöðina í Keflavík, en frá þeirri bifreiðastöð var bifreiðin, sem þeir óku í. Er hermennirnir komu þangað, var bifreiðin enn ókomin. En er hún kom skömmu síðar, stigu hermennirnir upp í hana, og var nú ekið að Herðubreið í Ytri-Njarðvík. Þar fóru hermennirnir inn og hugðust finna stúlkur, er þar bjuggu og þeir voru kunnugir. Nokkurt hark mun hafa orðið af komu hermanna

þarna, og virðast þeir engir aufúsugestir hafa verið. Yfirgáfu þeir því Herðubreið fljótlega og stigu enn upp í bifreið Gunnars B. Jónssonar, sem beðið hafði þeirra. Var nú aftur ekið að Aðalstöðinni, og var ætlunin, að hermennirnir færu inn á flugvöllinn á sama hátt og þeir komu þaðan. Gunnar aftur á móti ók venjulega leið inn á flugvöllinn, og skyldi hann bíða hermannanna þar á tilteknum stað. Var þessi háttur hafður á til þess að losna við óþægindi í flugvallarhliðinu, en eins og í upphafi var getið, höfðu hermennirnir ekki leyfi til brottfarar af flugvellinum. Snjócoma var um þetta leyti, en hermennirnir léttklæddir. Fór því svo, er þeir höfðu skamman spöl gengið frá bifreiðastöðinni, að þeir sneru við og komu þangað aftur. Báðu þeir um bifreið til að aka sér upp á flugvöll. Engin bifreið mun þá hafa verið til taks á stöðinni, og fengu hermennirnir að bíða í afgreiðslusalnum, enda munu þeir þá hafa verið þrúðir og haft sig lítt í frammi. Eftir nokkurn tíma kom Björn E. Jóhannsson bifreiðarstjóri á stöðina, en hann neitaði að aka hermönnum. Nokkru síðar kom annar bifreiðarstjóri, Einar Einarsson. Féllst hann á að aka hermönnum gegn því, að Magnús Þorsteinsson bifreiðarstjóri, sem staddur var á bifreiðastöðinni, en var ekki að vinna, kæmi með. Féllst Magnús á þetta. Hurfu þeir nú allir inn í bifreið Einarssonar. En skömmu áður en lagt var af stað, bað einn hermannanna Einar að hinkra við. Steig maður þessi síðan út úr bifreiðinni og hvarf bak við stöðvarhúsið. Að skammri stund liðinni kom hann aftur og var þá með fullt fangið af ullarteppum, er hann hafði tekið í svefnskála bifreiðarstjóranna. Einar Einarsson vék sér að manni þessum og tók af honum teppin. Bar hann þau síðan aftur inn í húsið. Er hann kom út aftur, var Magnús Þorsteinsson kominn í handalögmál við hermennina. Steig þá Einar upp í bifreið sína og ók einsamall upp að aðalhliði flugvallarins til þess að kveðja lögreglu á vettvang. Nú vikur sögunni til Gunnars B. Jónssonar. Er hann hafði árangurslaust beðið hermannanna í stundarfjórðung, þar sem þeir höfðu mælt sér mót, ók hann til baka að Aðalstöðinni. Er hann kom þangað, var Magnús Þorsteinsson í ryskingum við hermennina. Fóru áflogin fyrst í stað fram utan dyra, en færðust brátt inn í afgreiðslusal bifreiðastöðvarinnar. Leitaði Magnús fulltingis Gunnars, en hann kvað sig ófúsan til slagsmála. Aftur á móti varð það úr, að hann ók Magnúsi heim til Ketils Þorsteinssonar bifreiðarstjóra til þess að leita hjálpar hans. Er hér var komið, var Unnur Aldís Svavarsdóttir, afgreiðslu-

stúlka á bifreiðastöðinni, ein eftir með hermönnunum. Að vísu var Björn E. Jóhannsson, sem fyrr var nefndur, enn á stöðinni, en hann hafðist við í öðru herbergi og fór fljótlega í ökuferð. Um það, sem fram fór í bifreiðastöðinni, eftir að fyrrgreindir bifreiðarstjórar fóru að sækja hjálp og þar til íslenzkir og bandarískir lögregluþjónar komu á vettvang nokkru seinna, greinir hermennina annars vegar og Unni Aldísi mjög á. Verða nú raktir framburðir þeirra, er að þessu lúta.

Unnur Aldís Svavarsdóttir skýrir svo frá, að er hún var ein orðin eftir með hermönnunum, hafi einn þeirra yfirgefið bifreiðastöðina, annar setið frammi í afgreiðslunni og ekki haft sig í frammi, en tveir þeirra hafi byrjað að veitast að henni. Hafi það verið þeir Chique og Eller. Áreitni þeirra hafi gengið svo langt, að Chique hafi opnað buxnaklauf sína og tekið út getnaðarliminn. Hafi augu hans verið blóðhlaupin. Chique hafi ekki sýnt henni ofbeldi, heldur reynt með góðu að fá hana til að þýðast sig. Kveðst Unnur Aldís hafa haft skömm á þessu og hrint manningum frá sér. Ekki kvaðst hún muna, hvort limur Chique var stífur, enda ekki veitt því sérstaka athygli. Hún hafi þegar bent honum á, að salerni væri þarna í nánd, og jafnframt ýtt honum þangað inn, en hann hafi jafnskjótt komið út aftur og þá eins á sig kominn. Kveðst Unnur Aldís nú hafa flúið út úr bifreiðastöðinni, en komið þó inn aftur eftir nokkra stund. Er Chique varð ekkert ágengt, hafi hann gengið til liðs við Eller og reynt að veita honum fulltingi í sams konar viðleitni gagnvart henni. Hafi Chique m. a. notað í þessu skyni kústsköft, sem hann hafi reynt að dangla í hana með. Hafi hún litið svo á, að Chique væri með þessu að hræða hana. Eller hafi ekki frekar en Chique beitt hana valdi í viðleitni sinni til að fá hana til að þýðast sig, heldur farið að henni með góðu. Hafi hún margsinnis hrint honum frá sér og einu sinni slegið hann kinnhest. Unnur kveður hermennina tvo hafa gert margítrekaðar tilraunir til þess að koma henni afsíðis, og hafi þeir í því skyni haft mestan áhuga á kompu einni inn af afgreiðslusalnum. Allar tilraunir þeirra hafi þó farið út um þúfur. Unnur Aldís kvaðst hafa gert margar tilraunir til að ná í hjálp um síma bifreiðastöðvarinnar. Hafi hún náð tali af Sigtryggi Árnasyni, yfirlöggregluþjóni í Keflavík, en hann hafi vísað á lögregluna á Keflavíkurflugvelli, er hún skýrði honum frá, að um hermenn væri að ræða. Unnur Aldís kveður hermennina hafa slitið einn símann úr sambandi, og hafi sá brotnað. Þá hafi og í átökunum brotnað ein hurð.

Leonard Chique synjar algerlega fyrir að hafa veitst að Unni Aldísi í umrætt sinn og kveðst ekki muna til þess, að hann hafi tekið út á sér getnaðarliminn. Aftur á móti viðurkennir hann að hafa brotið sköftin á nokkrum gólfkústum, en eigi kemur fram í skýrslu hans, með hverjum hætti það hafi orðið.

William John Eller kveðst lítið muna frá atvikum, eftir að þeir félagar komu á bifreiðastöðina í síðara skiptið, sökum þess hve drukinn hann var. Hann kveðst ekki hafa blakað við Unni Aldísi, og slíkt hafi hann ekki heldur séð til félaga sinna. Þó hafi hann og Chique grínast (joked) við stúlkuna. Eller viðurkennir, að hann hafi „gert ýmsa hluti“, meðan hann dvaldist á bifreiðastöðinni, sem hann mundi ekki hafa gert ódrukinn, en að því er ekki nánar vikið í framburði hans. Eller kveðst ekki muna, hvort Chique hafi tekið út á sér getnaðarliminn. Hann kveðst ekki vita um frekari skemmdir á bifreiðastöðinni í umrætt sinn en að brotnað hafi 2—3 kústar.

Jean Leon Lambert kveður Chique hafa tekið út á sér getnaðarliminn í augsýn allra, er þarna voru staddir. Hafi sér virzt Chique ætla að kasta af sér vatni, en þá hafi Unnur Aldís ýtt honum inn á salernið. Chique hafi þó komið jafnskjótt út þaðan aftur, en ekki man Lambert, hvort Chique þá hafði getnaðarlim sinn úti. Lambert kveðst hvorki hafa séð Chique né Eller stíga í vænginn við Unni Aldísi né blaka við henni á nokkurn hátt. Hann kveðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Lambert og Unni Aldísi ber saman um, að Lambert hafi yfirgefið bifreiðastöðina, stuttu eftir að Magnús Þorsteinsson og Gunnar B. Jónsson fóru þaðan til að sækja hjálp. Kveður Unnur Aldís Lambert hafa verið þrúðan og rólegan, meðan hann dvaldist á stöðinni.

Walter Neil Hartman kveðst hafa verið svo ölvaður umrædda nótt, að hann muni lítið, hvað gerðist. Virðist framburður hans skipta litlu máli.

Eins og áður var frá greint, dvaldist Björn E. Jóhannsson bifreiðarstjóri nokkra hríð á bifreiðastöðinni, eftir að félagar hans höfðu ekið burt til þess að sækja hjálp. Kveðst Björn hafa séð úr herbergi því, er hann hafðist við í, er einn hermannanna ætlaði að slá Unni Aldísi með kústskafti, og hafi þau brotið skaftið á milli sín í ryskingunum. Kveðst Björn síðan ekki hafa orðið sjónarvottur að frekari atburðum, því að hann hafi farið í ökuferð upp á flugvöll að beiðni Unnar Aldísar. Er hann kom aftur úr þeirri ökuferð, hafi lögreglan verið komin á vettvang.

Þess var áður getið, að Einar Einarsson bifreiðarstjóri fór í bif-

reið sinni upp að aðalhliði flugvallarins til þess að kveðja lögreglu á vettvang. Skýrir hann svo frá, að er hann kom á bifreiðastöðina úr þeirri ferð, hafi Unnur Aldís auðsjáanlega verið mjög miður sín.

Vitnið Magnús Þorsteinsson bifreiðarstjóri kveður Unni Aldísi hafa verið frekar miður sín, er það kom á bifreiðastöðina aftur í fylgd með Gunnari B. Jónssyni og Katli Vilhjálmsyni, um 15 mínútum eftir að það hafði farið þaðan til þess að sækja Ketil. Unnur Aldís hafi þá kvartað yfir því, að einn hermanna hafi reynt að koma henni inn í geymsluherbergi við hliðina á herbergi því, er hún hafðist við í, en ekki tekizt það.

Vitnið Ketill Vilhjálmsson skýrir svo frá, að er það kom í afgreiðslusal bifreiðastöðvarinnar í umrætt sinn í fylgd með Magnúsi Þorsteinssyni og Gunnari B. Jónssyni, hafi rauðhærður hermaður verið fyrir innan afgreiðsluborðið hjá Unni Aldísi. Maður þessi hafi þegar gengið fram fyrir afgreiðsluborðið, er hann varð vitnisins var. Vitnið kveður hermennina hafa verið þrúða og engin ólæti haft í frammi.

Árangurinn af för Einarssonar upp að aðalhliði flugvallarins var sá, að hann fékk tvo herlögreglumenn með sér til bifreiðastöðvarinnar, og litlu seinna komu fjórir íslenzkir lögregluþjónar þangað. Herlögreglumennirnir tóku hermennina þrjá, sem þá voru eftir á bifreiðastöðinni, í vörzlu sína.

Einn íslenzku lögregluþjónanna, Ingvi Brynjar Jakobsson, skýrir svo frá, að er lögregluþjónarnir komu á bifreiðastöðina, hafi sér virzt Unnur Aldís vera hin rólegasta, og eigi hafi hann getað merkt, að hún væri neitt öðruvísi en hún átti að sér að vera. Unnur Aldís hafi tjáð honum, að einn hermanna hafi reynt að koma henni inn í litla birgðageymslu inn af afgreiðslusalnum, eftir að sá hafði klifrað yfir afgreiðsluborðið. Hermennina þrjá, sem eftir voru á bifreiðastöðinni, kveður vitnið sér hafa virzt rólega, en svolítið undir áhrifum áfengis.

Mál þetta var rannsakað í sakadómi Keflavíkurflugvallar 10. janúar til 1. febrúar 1956. Er atvikalýsingin hér að framan byggð á þeirri rannsókn. Við rannsóknina var lagt fram í sakadómnum vottorð frá Guðjóni Klemenzsyni, lækni í Ytri-Njarðvík. Er vottorð þetta dags. 9. janúar 1956 og hljóðar þannig:

„Í dag kl. 7 e. h. var ég undirritaður læknir sóttur að Laufási í Ytri-Njarðvík til Unnar Svavarsdóttur, 17 ára að aldri. Stúlkan segir, að fjórir amerískir hermenn hafi ráðizt á sig sl. nótt, þar sem hún var við næturvörzlu í Aðalstöðinni í Keflavík.

Stúlkan er útgrátin og auðsjáanlega í mikilli geðshræringu og á erfitt um mál vegna grátekka. Við skoðun finnast engir áverkar á líkama stúlkunnar.

Ég tel, að stúlkan hafi orðið fyrir taugaáfalli, og er ekki hægt að segja að svo stöddu, hverjar afleiðingar áráss þessi kann að hafa á geðheilsu stúlkunnar í framtíðinni. Eins og er, þá er hún andlega niðurbrotin.

Vert er að geta þess, að stúlka þessi hafði, áður en hún varð fyrir þessum andlega áverka, óvenjulega sterka og heilbrigða skaphöfn.“

Hinn 4. apríl 1956 var Unnur Aldís aftur skoðuð af þessum sama lækni. Í vottorði læknisins um skoðun þessa, dags. sama dag, segir, að Unnur Aldís sé að nokkru leyti búin að ná sér eftir þá andlegu áreynslu, er hún hafi orðið fyrir í umrætt sinn. Þó sé hún kjarkminni en áður, sofi ekki eins vel og sé mjög viðbrigðin. Einnig sé hún myrkfælin, en á því hafi ekki borið áður, svo og miklu örari í skapi, ef eitthvað út af beri.

Alfreð Gíslason læknir hefur rannsakað Unni Aldísi, og gerir hann grein fyrir niðurstöðum þeirrar rannsóknar í vottorði, dags. 15. febrúar 1958. Segir þar á þessa leið:

.... „Auk þess, sem ég hef kynnt mér efni málsskjala, hef ég átt tal við föður Unnar, Svavar Sigfinnsson, sem veitti mér eftirfarandi upplýsingar:

Í ætt Unnar er ekki áberandi taugaveiklun. Hún á 6 systkini á lífi, heilsugóð, og sjálf var hún talin hraust í uppvexti. Varð þess ekki vart, að hún væri óeðlilega hræðslugjörn eða á annan hátt taugaóstyrk. Kom það oft fyrir, að hún gætti systkina sinna ein heima, og bar þá aldrei á hræðslugirni. Enn fremur upplýsir Svavar, að Unnur hafi legið rúmföst 8—10 daga eftir árássina og að síðan hafi borið mjög á taugaóstyrk hjá henni, sérstaklega hræðslugirni. Hún hafi síðan átt erfitt með að vera ein, og hafi oft orðið að senda til hennar eitthvert systkina hennar til að vera hjá henni, eftir að hún var farin að heiman og hafði stofnsett sitt eigið heimili.

Í viðtölum við mig kemur hið sama fram hjá Unni. Kveðst hún mjög hræðslugjörn, síðan hún varð fyrir árássinni. Á hún erfitt með að vera ein heima, einkum eftir að dimma tekur. Það, sem hún óttast, er, að gerð verði áráss á sig, og kennir hún þessa ótta, bæði þegar hún er ein heima og ein á gangi úti. Aðrar kvartanir virðist hún ekki hafa.

Athugun mín fór fram á heimili hennar 8. þ. m. og lækninga-

stofu minni 13. þ. m. Ég fann ekki hjá henni nein einkenni vefræns sjúkdóms. Í viðtali var hún róleg og eðlileg, og varð ég ekki var einkenna neinnar geðveiki.

Af upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, má ráða, að hún við fyrrgreinda árás hafi hlotið geðrænt áfall, sem hún ekki sé orðin jafngóð af. Hún er sjúklega hræðslugjörn, og verður orsök þeirrar hræðslugirni greinilega rakin til árásarinnar.

Ekki er unnt að segja, hve lengi þessar afleiðingar taugaáfallsins muni vara, en sennilegt er, að þær verði lengi viðloðandi, úr því að þær nú, tveim árum eftir árásina, eru ekki horfnar. Vera má, að hræðslan smádvíni og hverfi, er lengra líður frá og hún hættir að hugsa um hina óþægilegu árás. Málaferli út af henni munu hafa staðið til þessa og átt sinn þátt í að halda við geðshræringu í sambandi við árásina.

Sjúkdómsgreining:

Starfræn taugatrúflun eftir líkamsárás.“

Stefnandi reisir málssókn þessa á því, að Unnur Aldís hafi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni af framangreindum atburðum, en á þessu tjóni beri stefndi ábyrgð samkvæmt lögum nr. 110 frá 1951, 12. gr., 2. tl.

Sundurliðast krafa stefnanda þannig:

- |  |               |
|--|---------------|
| 1. Vegna heilsutjóns Unnar Aldísar ....    | kr. 40.000,00 |
| 2. Atvinnutjón vegna réttarhalda o. fl. .. | — 1.510,00    |
| 3. Útlagður kostnaður .....                | — 350,00      |

---

Kr. 41.860,00

Í greinargerð sinni í málinu mótmælir stefndi því, að skaðabótaábyrgð hans samkvæmt greindu lagaákvæði nái til slíks tilviks, sem hér er krafizt bóta fyrir. Við munnlegan málflutning var frá þessum mótmælum fallið, og er nú fébótaábyrgð ríkissjóðs ekki vefngd að svo miklu leyti sem talið yrði, að um fébótaskyld tjón væri hér að ræða, en því er eindregið mótmælt. Er í því sambandi algerlega mótmælt, að Unnur Aldís hafi orðið fyrir árás af hendi varnarliðsmanna, og því síður, að hún hafi hlotið nokkurt áfall eða heilsutjón, enda hafi hér eigi annað gerzt en einn hermanna hafi gert sig líklegan til að kasta af sér vatni.

Um 1.

Þótt nokkuð sé óljóst, hverju fram fór á bifreiðastöðinni, eftir að Unnur Aldís var orðin ein eftir með hermönnum, þykir

nægilega í ljós leitt, að hún hafi orðið fyrir óviðurkvæmilegri áreitni af þeirra hendi, eins eða fleiri. Stúlkan var, er þetta gerðist, aðeins 17 ára gömul, og þykir sýnt, þegar virt eru læknisvottorð þau, sem að framan eru rakin, að hún hafi orðið fyrir allmiklu andlegu áfalli af þessum sökum. Hefur því sýknukrafa stefnda ekki við rök að styðjast. Að þessu athuguðu og með skírskotun til 264. gr. laga nr. 19/1940 þykja bætur hennar samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 10.000,00.

### Um 2.

Lagður hefur verið fram reikningur fyrir fjárhæð þeirri, sem hér er krafizt. Sundurliðast hann þannig:

- |  |            |
|--|------------|
| a) Vegna réttarhalda 1½ dag .....          | kr. 600,00 |
| b) Þrjár ferðir til Reykjavíkur .....      | — 750,00   |
| c) Annar akstur vegna rannsóknar málsins — | 160,00     |

---

Kr. 1.510,00

Fram kemur í gögnum málsins, að stefnandi hefur verið viðstaddur rannsókn málsins fyrir sakadómi, er skýrslur voru teknar af dóttur hans. Þykir það ekki óeðlilegt, þegar hafður er í huga aldur hennar og hvernig mál þetta er vaxið. Stefnandi er atvinnubifreiðarstjóri, og ljóst er, að hann hefur tafizt nokkuð frá vinnu sinni af þessum sökum. Verða að því leyti dæmdar bætur samkvæmt þessum lið, en að öðru leyti brestur gögn til að taka hann til greina gegn eindregnum mótmælum stefnda. Að þessu athuguðu þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 300,00.

### Um 3.

Stefnandi hefur fært fullnægjandi gögn að þessum lið, þ. e. reikninga frá framangreindum læknum fyrir vottorð þeirra. Verður því kröfuliður þessi tekinn til greina að fullu.

Krafa stefnanda verður samkvæmt þessu tekin til greina með kr. 10.650,00 (kr. 10.000,00 + kr. 300,00 + kr. 350,00). Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda vegna dóttur hans þessa fjárhæð með vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.700,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

## Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, Georg Svavari Sigfinnssyni, vegna dóttur hans, Unnar Aldísar, kr. 10.650,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 1.700,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. nóvember 1959.

Nr. 141/1958. **Gerða Bjarnadóttir** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

**Jóhanni Erlendi Óskarssyni**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

## Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál út af eldsuppkomu í bifreið. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn í máli þessu hér fyrir dómi, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1958. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 21.736,66 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. október 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, enda verði málskostnaður í Hæstarétti dæmdur eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tveir dómkvaddir menn látið uppi álit um það, hver líkindi séu til íkveikju, þegar reykt sé í nálægð flugelda, svo og um líkindi til sjálf-íkveikju í þeim. Er það skoðun þeirra, „að mikil hætta sé á íkveikju í þeim flugeldum, sem hér um ræðir, sé verið með